

Skipulagsstofnun  
Egill Þórarinsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. júlí 2022  
UST202207-061/B.S.  
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Dýpkun á Grynslunum – Hornafjörður. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að dýpka grynningar framan við Hornafjarðarós. Ráðist er í þessa framkvæmd til að kanna hvort dæling þarna tryggji siglingar um þetta svæði til frambúðar, en einnig vegna þess að ný fiskiskip eru orðin það stór að þau eiga í erfiðleikum með að komast í höfnina að öllu óbreyttu. Fyrirhugað er að taka um 300.000 m<sup>3</sup> af sandi og verður þessu efni varpað í hafið.

Fram kemur í greinargerð að á efnislosunarsvæðinu sé fábreytt botndýralíf enda eru þarna miklir efnisflutningar og öldurót sem valda því að botndýr eiga erfitt uppdráttar.

Gert er ráð fyrir að sótt verði um leyfi Umhverfisstofnunar vegna varps í hafið.

Umhverfisstofnun telur að miðað við aðstæður á dýpkunar- og efnislosunarsvæðum sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfirði, 18.07.2022  
MFRI: 2022-07-0457

### Efni: Dýpkun Grynnslanna Hornafirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna tilkynningar sveitafélagsins Hornafjarðar um framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig hvort Hafrannsóknastofnun telji að einhver atriði þarfnist frekari skýringa og ef svo er, hvaða atriði það eru og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Hornafjarðarhöfn áformar að dýpka siglingaleið um Grynnslin við Hornafjarðarós. Grynnslin eru sandrif sem hafa myndast fyrir framan sjávarfallaósa og hafa mikil áhrif á siglingar á svæðinu. Þessi framkvæmd sem er til umfjöllunar er annars vegar dýpkun og hins vegar efnislosun í sjó. Til stendur að hafa þessa framkvæmd sem staka framkvæmd þar sem áætlað efnismagn sem á að fjarlægja verði um 300.000 m<sup>3</sup>. Tilgangur framkvæmdarinnar er að dýpka siglingarás um Grynnslin niður í – 11m til þess að skip sem rista djúpt geti nýtt siglingarleiðina. Losun á dýpkunarefninu er fyrirhuguð á 150 × 150 m svæði um 5 km frá Hornafjarðarósi.

Samkvæmt tilkynningunni var ekki talin þörf á sýnatöku botndýra á dýpkunarsvæði vegna stöðugra sandflutninga þar. Úttekt á botndýralífi á losunarstað fór fram árið 2022 og kom í ljós fremur fábrotið botndýralíf sem talið er að megi skýra með því að á svæðinu er töluvert öldurót og setflutningar.

Út frá starfssviði sínu telur Hafrannsóknastofnun að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum.

F.h. Hafrannsóknastofnunar



Rakel Guðmundsdóttir

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 REYKJAVÍKReykjavík, 12. júlí 2022  
Tilvísun: OS2022070006/22.2  
Verknúmer: 3340300**Efni: Fyrirspurn um matsskyldu dýpkunar á Grynslunum utan netlaga við Hornafjarðarós og varps efnis í hafíð**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 5. júlí 2022, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um hvort og þá á hvaða forsendum stofnunin telji að fyrirhuguð dýpkun á svonefndum Grynslum utan Hornafjarðar og losun efnis á hafsbotni skuli háð umhverfismati með vísun til 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021, og 9. gr. reglugerðar, nr. 1381/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, og að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum. Óskað er eftir því að í umsögn sé lagt mat á hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið Orkustofnunar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins (hafsbotnslög) er íslenska ríkið eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Samkvæmt 2. gr. laganna má enginn leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga nema að fengnu skriflegu leyfi Orkustofnunar. Þá er tilgreint í 1. mgr. 3. gr. hafsbotnslaga að óheimilt sé að taka eða nýta efni af hafsbotni utan netlaga eða úr honum nema að fengnu skriflegu leyfi Orkustofnunar.

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé utan stjórnslumarka sveitarfélaga, sem afmarkist af 115 m utan stórstraumsfjöru. Framkvæmdin felur því í sér töku efnis af hafsbotni utan netlaga og er, skv. framanrituðu, háð leyfi Orkustofnunar skv. 3. gr. hafsbotnslaga. Samantekt í kafla 2.2. í greinargerð framkvæmdaraðila er því röng hvað þetta varðar.

Fram kemur og í greinargerðinni að fyrirhugað sé að varpa efni í hafíð á nánar tilgreindu svæði um 5 km utan við Hornafjarðarós. Að öllu jöfnu er gnægt lausra jarðefna í fjörðum landsins, hvort sem það eru hjallar ofan sjávarmáls sem bera vitni um hærri sjávarstöðu í lok síðustu ísaldar, árset, jökulættað set ýmiskonar ellegar sjávarset við núverandi strandlínur og á hafsbotni. Hins vegar er ekki hægt að fullyrða um að á hverjum stað sé að finna hinar mismunandi setgerðir, þ.m.t. með tilliti til kornastærðar, kornastærðardreifingar, berggerðar og annarra efniseiginleika sem afmarka mismunandi notkunarmöguleika efnis.

Orkustofnun er ljóst að fyrirhuguð framkvæmd miðar fyrst og fremst að þróun hafnar og aðgengi skipa að Hornafjarðarhöfn og að framkvæmdatími getur sett nýtingu efnis vissar skorður. Hins vegar er það eðli ábyrgrar notkunar lausra jarðlaga á landi sem og af hafsbotni að efni sé nýtt á þann hátt sem það hentar best, og að leita beri leiða til hagnýtingar efnis á landi sem að öðrum kosti yrði varpað á ný í hafíð. Slík nýting er sömuleiðis í samræmi við viðmið OSPAR sammingsins um verndun NA Atlantshafsins.

Í framlögðum gögnum (sbr. viðauka A með matsskyldufyrirspurn) er tilgreint að tekin hafi verið botnsýni á fyrirhuguðu varpsvæði og komið hafi í ljós að um sé að ræða finan sand með kornastærð undir 0,5 mm. Ekki liggur hins vegar fyrir hver sé kornastærð né gerð þess efnis sem áformað er að taka af Grynnslnum. Orkustofnun telur því órökstudda fullyrðingu í kafla 7 í greinargerð framkvæmdaraðila að rannsóknir hafi sýnt fram á að botnsetið í Grynnslnum sé finkornóttur svartur sandur, þau sýni sem tilgreind eru í gögnum framkvæmdaraðila eru af áformuðu losunarsvæði efnis.

Orkustofnun telur mikilvægt að fyrir liggi hver samsetning efnis á Grynnslnum sé, hugað sé að hugsanlegum notkunarmöguleikum dýpkunarefnis og að leitað verði leiða til að nýta uppþælingarefni hverju sinni með heildarhagsmuni samfélags og umhverfis í huga.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlagða tilkynningu Sveitarfélagsins Hornafjörður. Stofnunin tekur fram að hún tekur ekki afstöðu til þess hvort umrædd framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Framangreindar ábendingar miða að greiningu og framsetningu gagna sem stofnunin telur að þurfi að liggja fyrir áður en tekin verði afstaða til útgáfu leyfa skv. hafsbotnslögum, ef umsókn þar að lútandi berst stofnuninni.

Stofnunin bendir á að umsögn þessi, sem hún veitir Skipulagsstofnun, er af því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsókna vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum. Þá er bent á að niðurstaða Skipulagsstofnunar skal liggja fyrir áður en komið getur til leyfisveitinga Orkustofnunar vegna framkvæmdarinnar, ef umsókn þar að lútandi berst stofnuninni, sbr. 25. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Virðingarfyllt,  
f.h. orkumálastjóra

  
Kristján Geirsson  
verkefnastjóri

  
Harpa Þórunn Pétursdóttir  
lögfræðingur